



Fundargerð háskólafundar

11. háskólafundur
föstudaginn 15. desember 2016
í stofu M102 kl. 14:15 – 16:05

Mættir:

Rektor, stýrir fundi
Forseti hug- og félagsvísindasviðs
Forseti viðskipta- og raunvísindasviðs
Framkvæmdastjóri
Forstöðumaður nemendaskrár
Forstöðumanns upplýsingasviðs
Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs
Forstöðumaður Rannsóknastofnunar HA
Forstöðumaður fjármála
Forstöðumaður kennslumiðstöðvar
Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs
Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs
Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs
Fulltrúi Félags prófessora við ríkisháskóla
sem starfa við Háskólann á Akureyri
Fulltrúi stjórnar Félags háskólakennara við HA
Fulltrúi starfsfólks við stjórnslu
Fulltrúi starfsfólks við stjórnslu
Fulltrúi Félags stúdenta við HA
Fulltrúi Félags stúdenta við HA
Fulltrúi Félags stúdenta við HA

Boðuð forföll:

Forseti heilbrigðisvísindasviðs
Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Fulltrúi Félags stúdenta við HA

Eyjólfur Guðmundsson
Sigrún Stefánsdóttir
Rannveig Björnsdóttir
Ólafur Halldórsson
Stefán Jóhannsson
Astrid M. Magnúsdóttir
Katrín Árnadóttir
v. Hjalti Jóhannesson
Úlfar Hauksson
Auðbjörg Björnsdóttir
Sigurður Kristinsson
Birgir Guðmundsson
Markus Meckl
Kristín M. Jóhannsdóttir
Andrea Hjalmsdóttir
Gísli Kort Kristófersson
Hermann Óskarsson
Olga Ásrún Stefánsdóttir
Arnheiður Eyþórsdóttir
Hafdís Björg Hjalmarisdóttir
Hjörleifur Einarsson
Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
Stefán Bjarni Gunnlaugsson
Grétar Þór Eyþórsson

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir
Rúnar Gunnarsson
Sigrún Lóa Kristjánsdóttir
Hrafney Svava Þorsteinsdóttir
Helgi Már Guðmundsson
Logi Úlfarsson

Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir
Kristín Þórarinsdóttir
v. Sigríður Sía Jónsdóttir
Sigfríður Inga Karlsdóttir
v. Þorbjörg Jónsdóttir
Hrafn Gunnar Heiðarsson
v. Berglind Ósk Guðmundsdóttir



Fulltrúi Félags stúdenta við HA

Margrét Hildur Pétursdóttir
v. Jón Fannar Ólafsson

Fulltrúi Félags stúdenta við HA

Telma Eiðsdóttir
v. Ketill Sigurður Jólsson

Fjarverandi:

Náms- og starfsráðgjafi
Gæðastjóri

Solveig Hrafnadóttir
Sigrún Magnúsdóttir

Rektor setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann skipaði Ingibjörgu Smáradóttur, skrifstofustjóra heilbrigðisvísindasviðs, ritara fundarins og fór yfir dagskrá háskólafundar.

[Reglur nr. 387/2009](#) fyrir Háskólann á Akureyri

[Reglur nr. 389/2009](#) um háskólafund Háskólans á Akureyri

[Lög um opinbera háskóla nr. 85/2008](#)

1. *Framsaga rektors um stefnumótun HA og fagleg málefni innan háskólans*

Rektor fór yfir hvernig helstu mál HA standa á yfirstandandi ári en meðal þess er að HA fékk úthlutað lögreglufræðináminu eftir samkeppni við aðra háskóla, upplýst var um stöðu og ferli doktorsnámsumsóknar en fundur verður með úttektarnefnd í byrjun febrúar, aukningu nemenda milli árána 2015 – 2016 úr 1833 upp í 1951 og breytingar við gerð rekstraráætlana sem núna verða gerðar til þriggja ára en voru áður til eins árs. Ljóst er að fjárhagsrammi fyrir HA er enn of þröngur miðað við núverandi rekstur og að ekki verði við unað óbreytt ástand.

Rektor fór yfir vinnu við stefnumótun HA og hvernig hlutverk og hlutdeild HA er í íslensku háskólaumhverfi og hvað hlutskipti HA í alþjóðlegu háskólaumhverfi er. Sett voru fram drög að nýrri stefnu HA:

Háskólinn á Akureyri er skapandi námssamfélag í framsæknu og alþjóðlegu umhverfi, með doktorsnám á völdum sviðum og áherslu á rannsóknir á norðurlóðum.

The University of Akureyri offers a creative study environment in a progressive and international community, with doctoral studies in selected fields and special emphasis on research in the Arctic.

Settar voru fram spurningar um skilgreiningar; hvað er alþjóðlegur háskóli, fyrir hvaða samfélag stendur háskólinn, hvað þýðir að vera skapandi háskóli og þarf að hafa norðurlóðamál í stefnu HA? Umræður voru um stefnumótunina og hafa umræður um hana farið fram á fræðasviðum HA. Einnig voru umræður um hvað felist í að vera skapandi háskóli og hvort nemendur HA hefðu þá framtíðarsýn að vera áfram skapandi eftir brautskráningu og stefndu hugsanlega að því að stofna eigið fyrirtæki og nýta sér tækni og þekkingu úr háskólasamfélaginu en ljóst er að þekking úreldist mjög hratt í nútímasamfélagi. Sett voru einnig fram drög að markmiðalýsingu á HA árið 2023:



Háskólinn á Akureyri stefnir að því að verða allt að 2500 nemenda skóli með núverandi námsframboð og að viðbættum tæknigreinum, sérstaklega tæknifræði og tölvunarfræði.

Skólinn er alþjóðlegur, í sterkum tengslum við sitt nærumhverfi með sérstakri áherslu á uppbyggingu og þróun atvinnutækifæra með rannsóknum, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Skólinn er virkur þátttakandi í samfélagslegri umræðu og gagnrýnið afl á hverjum tíma.

Kynnt var aðgerðaáætlun um gerð stefnumótunar sem á að framkvæma á fyrri hluta ársins 2017, frá janúar til september, og er stefnt að kynningu hennar á 30 ára afmæli HA þann 5. september 2017. Umræður voru um drög að markmiðalýsingu og hvað felist í henni. Bent var á að menntun sé hluti af heilsu- og lífsgæðum fólks og er einnig hluti af velferðarkerfinu. Einnig sé samkeppni um athygli milli mennta- og heilbrigðismála í þjóðfélaginu og ljóst er að á brattan er að sækja. Átaksverkefnið „háskólar í hættu“ sem hófst á haustmánuðum 2016 hefur ekki vakið þá athygli sem vonast var eftir. Starfsfólk HA verður vart við mikla velvild nemenda og fjölskyldna þeirra í garð HA sem landsbyggðaháskóla og ljóst að tilvera HA hefur styrkt nærsamfélag á ýmsum stöðum á Íslandi. Rætt var um hvort taka eigi upp skólagjöld við opinberra háskóla og hvort HA eigi að hafa álit á því en starfsfólk geti tjáð sig um það í samfélagslegri umræðu. Nýr gæðahringur Gæðaráðs háskólanna hefst á haustmánuðum 2017 og verður hann 7 – 8 ár í stað 5 ára áður. Deildaráð fræðasviða munu fjalla um drög að QEH II (Quality Enhancement Handbook II) og skila athugasemdum til rektors.

2. Önnur mál

- a) Fyrirkomulag framboða fulltrúa háskólasamfélagsins til háskólaráðs 2017 – 2019
Framboð og kosning munu fara fram á háskólafundi á vormisseri 2017

Rektor fór yfir hlutverk og skyldur háskólafundar gagnvart háskólasamfélaginu og óskaði eftir umræðu um hvort breyta þurfi fyrirkomulagi um kosningu fulltrúa starfsfólks háskólans í háskólaráð HA. Kynnt voru drög að auglýsingu um framboð fulltrúa háskólans í háskólaráð HA en æskilegt er að fulltrúar hafi skýr skilaboð starfsfólks inn á háskólaráðsfund. Umræður voru um fyrirkomulag kosningu fulltrúa og kom fram áhugi á að breyta aðferðafræði um framkvæmd kosninga. Lagt var til að fela rektor útfærslu þess og voru tilnefndir þrír sjálfboðaliðar háskólafundar til þess; Katrín Árnadóttir, Rúnar Gunnarsson og Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir. Háskólafundur verður haldinn í febrúar 2017 og gefst áhugasömum frambjóðendum til setu í háskólaráði fyrir hönd starfsfólks, tækifæri til þess að kynna sig þar.

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:05.

Ingibjörg Smáradóttir fundarritari